Kópavogur, 02.06.2025

Umsögn foreldraráðs Fífusala vegna skólanámskrár 2025.

Foreldraráð leikskólans lýsir yfir ánægju með námskrá leikskólans fyrir komandi skólaár. Námskráin endurspeglar skýra sýn og faglega nálgun þar sem velferð, þroski og virðing fyrir börnum eru höfð að leiðarljósi.

Sérstaklega viljum við hrósa þeirri sterku áherslu sem lögð er á leikinn sem meginleið barnsins til náms og þroska. Með því að skapa öruggt umhverfi þar sem börnin fá að prófa sig áfram, kanna heiminn og taka virkan þátt, eru þau hvött til að læra og öðlast dýpri skilning á sjálfum sér og umhverfi sínu. Einnig er ánægjulegt að sjá áherslurnar í samskiptastefnu leikskólans þar sem rödd barnanna fær vægi og þau fá tækifæri til að hafa áhrif á eigin leik og nám í samstarfi við kennara. Slík nálgun styrkir sjálfsmynd barna og eflir félagsfærni.

Við teljum að þessi námskrá leggi traustan grunn að mótun sterkra og öruggra einstaklinga sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Það gleður okkur að sjá hversu vel námskráin tekur mið af þessum markmiðum með bæði hugmyndafræði og daglegum aðferðum sem styðja við jákvæðan þroska barna á öllum sviðum.

Foreldraráð hlakkar til áframhaldandi samstarfs við leikskólann og styður heilshugar við þá stefnu sem námskráin markar.

Fyrir hönd foreldraráðs Fífusala,

Kristján Helgi Bryde

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026